PRESSU *plús*





ÞORSTEINN HÖGNI GUNNARSSON

SÝRÐIR SOKKAR

Hefurðu veitt því athygli að götur bæjarins hafa orðið vitni að skyndilegum litagusum í ökklahæð upp á síðkastið. Tískuheimurinn hefur nefnilega fundið nýjungagirni sinni nýjan vettvang þar sem sokkar eru annars vegar. Núna má finna alla liti regnbogans saman komna á ökklum fólks. Reiknaðu með að sjá enn fleiri sokka sem ættu frekar heima í teiknimyndum á næstu mánuðum. Enda kominn tími til að hvíla hvítu íþróttasokkana, ekki satt?



Þessi smávaxni bílaáhugamaður vildi eignast bjölluna sem hringsnerist í höfði styttunnar, enda örugglega með nytsamlegra verkefni fyrir bílinn í huga.



Áhöld voru meðal gesta um það úr hvaða landsfjórðungi þetta úrvalshey væri komið.

HEYBAGGAR OG FRANSKBRAUÐ Á KJARVALSSTÖÐUM

Síðastliðinn laugardag var opnuð á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning með verkum þeirra listamanna sem kenndu sig við íslensku listhreyfinguna SÚM á árunum 1965—'72. Þegar verkin litu fyrst dagsins ljós var ekki laust við að velsæmiskennd íslenskra listunnenda væri illilega misboðið. Viðbrögð opnunargesta núna voru ekki alveg eins sterk, en samt máttu sum verkin láta sér lynda tortryggnislegar augngotur viðstaddra. Ljósmyndari PRESSUNNAR, Einar Ólason, festi nokkur verk á filmu.




Andrea Gylfadóttir söngkona virðir fyrir sér nýju línuna í heimilistækjum Kjarvalsstaða.




Upptökur á lokastigi hjá Sykurmolunum. Einar Örn að æfa sig fyrir fyrirhugaða heimildamynd um rússneskar limósínur.

velkomin í heiminn



1. Andri heitir þessi kyrrláti piltur sem fæddist 5. mars síðastliðinn og vó þá 16 merkur og var 53 sm langur. Foreldrar hans, þau María Gunnarsdóttir og Gérard Lemarquis, eiga tvo stráka fyrir.



2. Þessi myndarlegi snáði kom í heiminn 6. mars síðastliðinn og var þá 51 sm langur og vó 15,5 merkur. Lára Sigurðardóttir og Rúnar Ólafsson eru stoltir foreldrar piltsins, en þetta er annað barn þeirra.

HUMAR Í SÝRLANDI

Svo virðist sem stærsta spurningin í herbúðum Sykurmolanna þessa dagana snúist um heiti nýju plötunnar sem þeir leggja síðustu hönd á í hljóðveri Stúdíó Sýrlands á allra næstu dögum. Að sögn talsmanna þeirra eru ýmis nöfn í sigtinu, s.s. „Time to Suffer" eða „Humar eða dauði". Við verðum samt að bíða róleg eftir endanlegri nafngift, því platan verður ekki gefin út fyrr en í september. Málverndarsinnar geta svo fengið sérislenskt eintak af plötunni, því ásamt enskri útgáfu verður platan gefin út hér heima með íslenskum textum.

Næst á dagskrá, eftir að vinnslu plötunnar lýkur, er heimsókn til Bandaríkjanna, þar sem Sykurmolarnir munu slást í sameiginlega tónleikaför með bresku hljómsveitunum New Order og P.I.L. Því næst er ráðgert að leggja annað stórveldi heimsins að velli með nokkurra daga ferð til Sovétríkjanna, þar sem komið verður við í helstu stórborgum landsins. Kannski er kominn tími til að taka stefnuyfirlýsingu Smekkleysu sm. um „heimsyfirráð eða dauða" bókstaflega?!